

LESTRARSTEFNA FLATASKÓLA

2014-2015



Skjal sótt af '000000000000' dags: 24.03 2026

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lestur.....	3
Lesfimi	3
Lesskilningur	3
Lestrarkennsluaðferðir	4
Hljóðaaðferðin.....	4
Pals	4
Leiðsagnarlestur	5
Gagnvirkur lestur	5
Hugtakakort.....	5
Aðrar aðferðir.....	6
Lestrarskipulag og markmið	6
1. bekkur.....	7
2. bekkur.....	7
3. bekkur.....	8
4. bekkur.....	9
5. bekkur.....	9
6. bekkur.....	10
7. bekkur.....	11
Próf og skimanir í Flataskóla:.....	12
Samræmd próf í 4. og 7. bekk	13
Niðurstöður prófa og skimana.....	13
Lestraráttak – hugmyndir	14
Tölvur kennsluforrit/lpad smáforrit	15
Stóra upplestrarkeppnin.....	16
Samvinna heimilis og skóla í lestrarnámi barna	16

Inngangur

Lestrarþjálfun og góð lestrafærni er mikilvæg í námi allra barna og ungmenna og getur skipt sköpum varðandi framtíð þeirra. Börnin eru misvel undirbúin til að takast á við lestrarnám í upphafi skólagöngunnar og rannsóknir benda til þess að mikill munur sé á flestum þáttum læsis strax í fyrsta bekk og sé ekkert að gert er líklegt að þessi munur aukist enn frekar þegar líða tekur á skólagönguna.

Börnin læra að lesa og lesa til að læra. Í upphafi tengist lesturinn því að þekkja stafi og hljóð þeirra og tengja saman í orðbúta og setningar. Lesskilningur og góð lesfimi haldast svo í hendur en lesfimin byggir á nákvæmum og sjálfvirkum lestri og færni í hrynrænum þáttum tunumálsins, en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Fyrirhafnarlaus lestur, lesinn í viðeigandi hendingum (e. phrasing) og með réttu hljómfalli (e. intonation). Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði stutt við og takmarkað lesskilning (Kuhn, Schwanenflugel, Meisinger, 2010).

Stuðningur foreldra við lestrarnám barna sinna alla skólagönguna getur haft mikil áhrif á hversu farsælt það verður. Reglulegur heimalestur, rík málræn samskipti og lestrarhvetjandi umhverfi almennt vega þar þyngst.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir:

Lestur er lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum að vera skýr, fjölbreytt og markviss. Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið þátt í samfélaginu.

Markmiðið við gerð lestrarstefnunnar er að tryggja það að lestrarkennsla og lestrarþjálfun verði skýr á öllum stigum og að kennarar geti nýtt sér stefnuna sem vinnuþagg í hverjum árgangi fyrir sig þannig að öll börn nái góðri lestrarfærni. Þetta er lifandi þagg sem þarf þó að breyta og bæta eftir því sem við á.

Lestur

Lestur og lestrarkennsla er ferli sem er í þjálfun alla skólagönguna. Lestur er málræn aðgerð sem byggir á samspili margra þátta sem eru nauðsynlegir til að túlka og skilja ritmál. Grunnur að góðri færni í lestri er lagður á fyrstu æviárum barnsins. Því betri málþroska sem barn hefur, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám (Steinunn Torfadóttir, Lesvefurinn).

Lesfimi

Lesfimi vísar til sjálfvirkar samhæfingar á umskráningu, orðabekkingu og lesskilningi, þannig að lesturinn verði bæði nákvæmur, hraður og sjálfvirkur. Nákvæmni felst í að lesa rétt en sjálfvirkni í því að þekkja framburð og merkingu ritaðs orðs um leið og það ber fyrir augu, fyrirhafnarlaust og án þess að þurfa að einbeita sér að því að umskrá orðið. Lesturinn þarf að vera liðlegur og með réttum áherslum svo að athyglin geti beinst að lesskilningi (Steinunn Torfadóttir og Helga Sigurmundsdóttir, Lesvefurinn).

Lesskilningur

Lesskilningur er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklings. Um er að ræða hæfni til að skilja texta í mismunandi samhengi, sjónarhornum, tilgangi og markmiðum. Hann vísar til skilnings og endurheimtar á því sem börn lesa (Burn, Griffin & Snow. 1999).

Lestrarkennsluaðferðir

Það er enginn ein kennsluaðferð sem hentar öllum nemendum við að læra að lesa. Kennarar þurfa að vera vel að sér í hinum mismunandi kennsluaðferðum og byggja kennsluskipulag og val kennsluaðferða á frammistöðu þeirra í lestri. Markmið lesturs er að skilja textann sem lesinn er. Það krefst þess að nemendur hafi góðan orðaforða og geti fylgst jafnóðum með því sem þeir lesa og geti tengt við fyrri reynslu og þekkingu til að skilja og vinna úr því.

Hljóðaaðferðin

a. Hljóðaaðferð (sem lestrarkennsla Flataskóla byggir á)

Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu. Helsti kostur aðferðarinnar er að nemendur læra skilvirka tækni til að lesa stöðugt ný og ný orð sem koma fyrir í texta. Durkin (1978-1979) skilgreinir hljóðaaðferðina sem: „hverja þá aðgerð sem kennari beitir til að kenna nemendum að umskrá orð. Þetta getur falist í eftirfarandi aðferðum:

- **Samtengjandi og sundurgreinandi aðferð.** Nemendur læra heiti bókstafina, hvaða hljóð þeir eiga og hvernig á að tengja hljóð þeirra saman í orð. Nemendur geta fljótlega farið að lesa stutt orð og einfalda texta sem innihalda þá stafi sem þeir eru búnir að læra. Nemandinn segir hljóð stafanna í orðunum með því að „hljóða sig gegnum orðin“. Þetta kallast að umskrá orðið, en það felst í því að nemandinn verður að geta aðgreint (sundurgreint) öll hljóðin í orðinu til þess að greina hljóð orðsins, og heyrt hvaða orð hann er að lesa. (Dæmi: sólin s-ó-l-i-n (sundurgreining) = sólin (samtinging). Lögð er áhersla á að lesa stutta, einfalda, merkingarbæra texta sem stigþyngjast eftir því sem nemendur þjálfast í lestrinum. Þannig verða orðin smám saman erfiðari í umskráningu og innihald textans stöðugt flóknara, þannig að meira reynir á lesskilning.
- **Sundurgreinandi og samtengjandi aðferð.** Unnið með tengsl bókstafa og hljóða gegnum ritun. Nemandinn lærir að skrá orð með bókstöfum og skynjar um leið að orðin hafa hljóð sem hægt er að tákna með bókstöfum (sundurgreining). Nemandinn les orðin sem hann skrifar (samtinging). Oft er byrjað á að vinna með orð sem nemandinn þekkir og unnið með orðalista sem hafa svipað stafamynstur eða skrifuð saga með aðstoð orðkorta og kennara.
- **Greining orðhluta.** Þetta felst í því að finna orð sem hafa sama stafamynstur (innihalda sömu bókstafi) og læra utan að hvernig þetta stafamynstur hljómar og geta sagt það án þess að hika þegar það birtist í texta, sbr. **hús, hús** (-ið), **hús** (-in), **hús** (-bíll), **hús** (-þak). Ehri (2005) telur að þessi aðferð gagnist ekki til lengdar, nema að nemandinn hafi þekkingu á tengslum bókstafa og hljóða (Steinunn Torfadóttir, Lesvefurinn.)

Pals

b. PALS (Pör Að Læra Saman)

- **Félagalestur** *Peer assistand learning strategies* (PALS) sem hlotið hefur nafnið **Pör að læra saman** á íslensku er afar vel rannsökuð og árangursrík kennsluaðferð til að þjálfra lesfimi og lesskilningsaðferðir í blönduðum bekkjardeildum.
- **Vinnuferlið** Umsjónarkennari styðst við niðurstöður úr lesfimiþrófum til að para nemendur, tvo og tvo saman.

- Kennari velur síðan lesefni af hæfilegri þyngd og miðar þyngdarstigið ætíð við slakari lesandann og kennir þeim að lesa samkvæmt ákveðnum reglum.
- Nemendur æfa sig í að beita lesskilningsaðferðum með markvissum hætti, þ.e. að veita aðalatriðum athygli, draga þau saman og spá fyrir um það sem kemur næst í sögunni. (Lesvefurinn)

Leiðsagnarlestur

c. Leiðsagnarlestur (e. guided reading)

Leiðsagnarlestur er formföst lestraraðferð sem er aðlöguð að nemendum í litlum hópum þar sem kennari er virkur leiðbeinandi.

Þegar unnið er með leiðsagnarlestur vinnur kennarinn með litlum hópi nemenda sem er kominn álíka langt í lestrarnáminu.

Leiðsagnarlestur:

- Þroskar jákvætt hugarfar til lesturs með því að hvetja nemendur til umræðna
- Hjálpar kennara að móta lestrarvenjur nemenda
- Gefur kennara möguleika á því að stjórna og kenna lestur
- Gefur kennara tækifæri á að styðja við hvern nemanda eftir þörfum
- Styrkir gagnrýna hugsun nemenda við lestur á ólíkum texta

Gagnvirkur lestur

d. Gagnvirkur lestur (e. reciprocal teaching)

Gagnvirkur lestur felur í sér kennslu fjögurra þátta, sem oftast fer fram í hópakennslu. Nemendum er kennt:

- að taka saman meginatriði efnisins
- að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst
- að spá fyrir um framhald texta.

Nemendur læra að taka saman meginatriði til að greina mikilvægustu atriði textans. Einnig að spyrja spurninga um efni textans á mismunandi hátt. Tilgangur þess að spyrja spurninga er að athuga hvort lesandi hafi skilið efnið og fest í minni það sem mikilvægt er að muna úr því. Að útskýra krefur nemendur um að taka eftir orðum eða hugtökum sem þeir skilja ekki og leita skýringa. Með því að spá fyrir rifja nemendur upp það sem þeir vita fyrir um efnið og setja fram tilgátu um hvað gæti gerst næst. Síðan lesa þeir áfram til að sannreyna, afsanna eða endurskoða tilgátuna. Þessir þættir auka skilning og gefa lesara tækifæri til að fylgjast með skilningi sínum sem er hluti af góðri námsvitund. Nemendur læra að nálgast lestur á virkan og skipulagðan hátt og læra námshegðun sem hjálpar þeim að verða sjálfstæðari í lestri sínum og færari um að fást við stöðugt flóknara lesefni. (Úr: „Lesið til skilnings“, kennarahandbók í gagnvirkum lestri eftir Önnu Guðmundsdóttur, útgefin af Námsgagnastofnun 2007)

Hugtakakort

Í huganum búum við sífellt til kort, flokkum upplýsingar, þekkingu og röðun. Við getum með lítilli fyrirhöfn kallað kort fram úr huganum í orðum eða á myndrænan hátt. Hugtakakort má nýta í námi á árangursríkan hátt, meðal annars til þess auka lesskilning. Hugtakakort eða hugtakagreining er talsvert notuð í verkefninu „Orð af orði“ með góðum árangri og má finna þar fjölmargar hugmyndir um hvernig nýta mætti þau.

Í lestri mætti nýta hugtakakort þannig að textinn er lesinn og hann ræddur – lykilhugtök skrifuð á miða og þeim síðan raðað á örð eða stórt blað. Tilvalið er að nýta tölvutæknina við gerð á

hugarkortum og fjölmörg forrit til sem hægt er að nýta við vinnuna. Dæmi um slíkt forrit er Freemind og er það forrit ókeypis og er inni í flestum tölvum í Flataskóla.

Aðrar aðferðir

Fjölbreyttar aðferðir í lestrarkennslu: Eftirfarandi aðferðum er beitt eftir því hvar nemendur eru staddir í lestri:

- **Raddlestur.** Nemandi les upphátt.
- **Hljóðlestur:** Nemandi les í hljóði.
- **Skiptilestur.** Kennari og nemandi lesa til skiptis.
- **Paralestur.** Tveir nemendur lesa til skiptis.
- **Endurtekinn lestur.** Sami texti lesinn aftur.
- **Kórlestur.** Hópur nemenda les texta upphátt saman.
- **Yndislestur.** Nemandi les bók sem hann velur sjálfur, sér til yndisauka og ánægju.

Lestrarskipulag og markmið

Í Garðabæ er unnið eftir fyrirkomulagi sem nefnist „Brúum bilið“ sem er samstarfsverkefni milli leik- og grunnskóla. Leikskólar miðla upplýsingum til skóla meðal annars úr Hljóm2 og málproskaprófi TOLD-2P um verðandi nemendur í 1. bekk.


Lestrarkennslan byggir fyrst og fremst á hljóðaaðferð sem reynist flestum nemendum vel. Einnig eru góðar hugmyndir úr öðrum kennsluaðferðum nýttar. Nemendum er mætt þar sem þeir eru staddir (einstaklingsmiðað nám), unnið er með „Markvissa málörvun“, tengsl stafs og hljóðs, leshraða og lesskilning í yngri bekkjum. Fylgst er með lestrarnákvæmni sem eykst samhliða öryggi í stafabekkingu. Snemmtæk íhlutun strax á fyrstu skólaárunum kemur mögulega í veg fyrir lestrarerfiðleika seinna meir. Bekkjarkennarar bera ábyrgð á því að nemendur fá lesefni við hæfi. Of erfitt lesefni getur torvaldað lestrarnám. Þumalputtareglan er að ef barn les u.þ.b. sex orð röng á einni blaðsíðu er bókin of erfið. Barnið þarf þá að fá léttari lestrarbók til þess að æfa raddlestur.

Unnið er út frá hugmyndafræði (Walpole og McKenna, 2007) um þriggja þrepa kennsluskipulag.

Þrep 1. Allir nemendur vinna í hefðbundnu bekkjarskipulagi og að sömu verkefnumundir stjórn bekkjarkennara. Nemendur vinna verkefni ymist einstaklingslega eða í hópum.

Þrep 2. Kennt er í færnimiðuðum hópum undir stjórn bekkjarkennara. Í einum hópnum er yfirferð hægari og upprifjanir tíðar. Í öðrum hópi takast nemendur örar á við ný viðfangsefni. Samsetning nemendahópa tekur breytingum eftir þeim framförum sem nemendur taka.

Þrep 3. Nemendur sem ekki taka framförum á 1. og 2. þrepi þurfa hnitmiðaða námsáætlun og námsefni við hæfi. Kennsla þeirra getur farið fram innan bekkjar eða utan í fámennum hópi og/eða einstaklingslega.



1. bekkur

- ✓ Niðurstöður prófa úr leikskóla eru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu kennslu. Könnuð er stafabekking nemenda í skólabyrjun og lestrarkennsla skipulögð út frá því. Skimunarprófið „Leið til læsis“ er lagt fyrir nemendur í október. Í handbók sem fylgir skimunarprófinu má finna ítarlegar kennsluhugmyndir fyrir bekkjarkennara.
- ✓ Börnunum er skipt í færnimiðaða hópa í tengslum við stafainnlögn og kemur sérkennari inn í lestrarkennsluferlið með bekkjarkennurum.
- ✓ Stafabekking er könnuð að vori og „Leið til læsis“ eftirfyllniþróf (A1) er lagt fyrir nemendur sem farnir eru að lesa. Niðurstöður kynntar foreldrum.
- ✓ Gert er ráð fyrir að nemendur lesi upphátt heima að lágmarki 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar með foreldri.

Markmið:

Að vori í 1.bekk er stefnt að því að sem flestir nemendur lesi 40 orð á mínútu eða meira (raðeinkunn 40 eða hærri).

- Séu öruggir á öllum stöfum, stórum og litlum og eim hljóðum sem þeir standa fyrir
- Geti notað hljóðaaðferð af öryggi við lestur bullorða og geti tengt saman a.m.k. 30 hljóð

Haustönn:

Leið til læsis lesskimun er lögð fyrir í október. Niðurstöður nýttar til eftirfyllni.

Unnið er sérstaklega með börn sem:

- Lenda í áhættu 1 og áhættu 2 í þeim þáttum sem verið er að prófa (málskilningur og orðaforði / bókstafa og hljóðabekking / hljóðkerfis- og hljóðavitund)

Vorönn:

Unnið er sérstaklega með börn sem:

- ekki ná því að fylgja með í stafainnlögn bekkjarins
- eiga langt í land með að skilja tengsl stafs og hljóðs

2. bekkur

- ✓ Við skólabyrjun er stafabekking og lestrarfærni metin (eftirfyllniþróf A1). Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í lestrarþróuninni.
- ✓ Umsjónarkennari metur sjónrænan orðaforða þrisvar sinnum yfir veturinn, okt-des, jan-mars og ap-jún.
- ✓ Sérkennari prófar leshraða allra nemenda í desember (eftirfyllniþróf B1), febrúar (B1 enduteikið) og maí (eftirfyllniþróf B2).
- ✓ Gert er ráð fyrir að nemendur lesi upphátt heima að lágmarki 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar með foreldri.
- ✓ Taflan hér að neðan er höfð til hliðsjónar við skipulag kennslu

Hópur	Færni nemenda	Þjálfun
Mest færni	Kunna flesta/alla stafi Farin að lesa Þekkja algeng orð í sjónhendingu	Áheyrulegur upplestur Leiðréttu villur í lestri Hlustunar/lesskilningur Lesfimi/leshraði Hugtakaskilningur/orðaforði Stafsetning/ritun
Meðal færni	Brotalöm í stafabekkingu Tengja stafi saman í orð/geta lesið mjög einfaldan texta	Upprifjun stafa Hljóðkerfisvitund

Umsjón: bekkjarkennara	Frekar slök hljóðkerfisvitund	Hlustunar/lesskilningur Lesfimi/leshraði Hugtakaskilningur/orðaforði Stafsetning/ritun
Lítill færni Umsjón: Sérkennari	Kunna fáa stafi Slök umskráning/tæknilestur Slök hljóðkerfisvitund	Markviss stafainnlögn Mikil lestrarþjálfun Hljóðkerfisvitund Stafsetning/ritun

Markmið:

Að vori í 2.bekk er stefnt að því að sem flestir nemendur lesi 70 orð á mínútu eða meira með 96-100% lestrarnákvæmni (raðeinkunn 68 eða hærri).

Haustönn:

Unnið er sérstaklega með börn sem:

- ekki þekkja alla stafi eða geta tengt 2-3 hljóð saman í orð
- börn sem lesa minna en 20 orð á mínútu í lesfimiþrófi í september
- eru með slaka lestrarnákvæmni (90% eða minna)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi

Vorönn:

Unnið er sérstaklega með börn sem:

- lesa minna en 30 orð á mínútu í lesfimiþrófi í desember
- fá umsögnina „undir meðallagi eða slök/mjög slök frammistaða“
- eru með slaka lestrarnákvæmni (90% eða minna)
- fá raðeinkunn 18 eða lægri
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi

3. bekkur

- ✓ Við skólabyrjun er lestrarfærni metin (eftirfylgniþróf B2). Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í lestrarþróuninni.
- ✓ Umsjónarkennari metur sjónrænan orðaforða þrisvar sinnum yfir veturinn, október til desember, janúar til mars og apríl til júní.
- ✓ Sérkennari prófar leshraða allra nemenda í desember (eftirfylgniþróf C1), febrúar (C1 enduteikið) og maí (eftirfylgniþróf C2).
- ✓ LH60 lesskilningspróf er lagt fyrir alla nemendur í janúar. Prófið er endurtekið í apríl hjá þeim nemendum sem lenda í flokki C til F.
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningspróf er lagt fyrir nemendur í október (próf 3.1) og í apríl (próf 3.2).
- ✓ Gert er ráð fyrir að nemendur lesi upphátt heima að lágmarki 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar með foreldri.

Markmið:

Að vori í 3.bekk er stefnt að því að sem flestir nemendur lesi 105 orð á mínútu eða meira með 97-100% lestrarnákvæmni (raðeinkunn 63 eða hærri).

Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.

Haustönn:

Unnið er sérstaklega með börn sem:

- lesa minna en 40 orð á mínútu í lesfimiþrófi í september
- eru með slaka lestrarnákvæmni (90% eða minna)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi

Vorönn:

Unnið er sérstaklega með börn sem:

- lesa minna en 50 orð á mínútu í lesfimiþrófi í desember
- fá umsögnina „undir meðallagi eða slök/mjög slök frammistaða“
- eru með slaka lestrarnákvæmni (90% eða minna)
- fá raðeinkunn 18 eða lægri
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi

4. bekkur

- ✓ Við skólabyrjun er lestrarfærni metin (eftirfylgniþróf C2). Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í lestrarþróuninni.
- ✓ Sjónrænn orðaforði er prófaður hjá nemendum sem þess þurfa. Notuð eru sömu próf og í þriðja bekk.
- ✓ Sérkennari prófar leshraða allra nemenda í desember (eftirfylgniþróf D1) og maí (eftirfylgniþróf D2). Nemendur sem eru undir viðmiði árgangsins eru prófaðir oft.
- ✓ LH40 lesskilningspróf er lagt fyrir alla nemendur í apríl. Prófið er endurtekið að hausti í 5. bekk hjá þeim nemendum sem lenda í flokki C til F.
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningspróf er lagt fyrir nemendur í október (próf 4.1) og í apríl (próf 4.2).
- ✓ LOGOS lesskimun lögð fyrir nemendur í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika.
- ✓ Samræmt próf í íslensku er lagt fyrir árganginn um miðjan september.
- ✓ Gert er ráð fyrir að nemendur lesi upphátt heima að lágmarki 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar með foreldri.

Markmið:

Að vori í 4. bekk er stefnt að því að sem flestir nemendur lesi 125 orð á mínútu eða meira með 98-100% lestrarnákvæmni (200 atkv. á mínútu).

Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.

Vorönn:

Unnið er sérstaklega með nemendur sem:

- lesa minna en 65 orð á mínútu í lesfimiþrófi (ca 115).
- fá umsögnina „undir meðallagi eða slök/mjög slök frammistaða“
- eru með slaka lestrarnákvæmni (94% eða minna)
- (fá raðeinkunn 25 eða lægri)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarþrófi

5. bekkur

- ✓ Við skólabyrjun er lestrarfærni metin (eftirfylgniþróf D2) hjá þeim nemendum sem ekki hafa náð viðmiðum árgangs. Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu. Í

lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í lestrarþróuninni.

- ✓ Sérkennari prófar leshraða allra nemenda í desember og maí. Nemendur sem eru undir viðmiði árgangsins eru prófaðir oft.
- ✓ LH40 lesskilningspróf er lagt fyrir nemendur sem lentu í flokki C til F í lok fjórða bekkjar.
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningspróf er lagt fyrir nemendur í október (próf 5.1) og í apríl (próf 5.2).
- ✓ LOGOS lesskimun lögð fyrir nemendur í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika.
- ✓ Gert er ráð fyrir að nemendur lesi upphátt heima að lágmarki 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar með foreldri og að auki eru nemendur hvattir til hljóðlesturs heima og í skóla.

Markmið:

Að vori í 5.bekk er stefnt að því að sem flestir nemendur lesi 135 orð á mínútu eða meira með 98-100% lestrarnákvæmni (Atkv. 220 – Rósa Eggerts)).

Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.

Vorönn:

Unnið er sérstaklega með börn sem:

- lesa minna en 65 orð á mínútu í lesfímiprófi (atkv.115)
- fá umsögnina „undir meðallagi eða slök/mjög slök frammistaða“
- eru með slaka lestrarnákvæmni (94% eða minna)
- (fá raðeinkunn 25 eða lægri)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarprófi

6. bekkur

- ✓ Við skólabyrjun er lestrarfærni metin hjá nemendum sem ekki hafa náð viðmiðum árgangs. Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í lestrarþróuninni.
- ✓ Sérkennari prófar leshraða allra nemenda í desember og maí. Nemendur sem eru undir viðmiði árgangsins eru prófaðir oft.
- ✓ Próf í framsögn í desember og maí: Nemendur lesa undirbúinn texta og ljóð að eigin vali úr púlti.
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningspróf er lagt fyrir nemendur í október (próf 6.1) og í apríl (próf 6.2).
- ✓ LOGOS lesskimun lögð fyrir nemendur í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika.
- ✓ Gert er ráð fyrir að nemendur lesi upphátt heima að lágmarki 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar með foreldri og að auki eru nemendur hvattir til hljóðlesturs heima og í skóla.

Markmið:

Að vori í 6.bekk er stefnt að því að sem flestir nemendur lesi 140 orð á mínútu eða meira með 98-100% lestrarnákvæmni (ca. atkv. 245 atkv.).

Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.

Vorönn:

Unnið er sérstaklega með börn sem:

- lesa minna en 65 orð á mínútu í lesfímiprófi (115 atkv.)
- fá umsögnina „undir meðallagi eða slök/mjög slök frammistaða“

- eru með slaka lestrarnákvæmni (94% eða minna)
- (fá raðeinkunn 25 eða lægri)
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarprófi

7. bekkur

- ✓ Við skólabyrjun er lestrarfærni metin hjá nemendum sem ekki hafa náð viðmiðum árgangs. Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í lestrarprófuninni.
- ✓ Sérkennari prófar leshraða allra nemenda í desember og maí. Nemendur sem eru undir viðmiði árgangsins eru prófaðir oft.
- ✓ Próf í framsögn í desember og maí: Nemendur lesa undirbúinn texta og ljóð að eigin vali úr púlti.
- ✓ Orðarún, staðlað lesskilningspróf er lagt fyrir nemendur í október (próf 7.1) og í apríl (próf 7.2).
- ✓ LOGOS lesskimun lögð fyrir nemendur í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika.
- ✓ Samræmd próf í íslensku eru lögð fyrir árganginn um miðjan september.
- ✓ Nemendur í 7. bekk taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Undirbúningur hefst formlega á degi íslenskrar tungu og lýkur með sameiginlegri lokahátíð sem haldinn er í sveitarfélaginu í mars.
- ✓ Gert er ráð fyrir að nemendur lesi heima upphátt að lágmarki 15 mínútur á dag fimm daga vikunnar með foreldri og að auki eru nemendur hvattir til hljóðlesturs heima og í skóla.

Markmið:

Að vori í 7. bekk er stefnt að því að sem flestir nemendur lesi 160 orð á mínútu eða meira með 98-100% lestrarnákvæmni (atkv. ca 280).

Lesskilningur að vori (Orðarún): að sem flestir geti svarað a.m.k. 15 atriðum rétt af 20.

Vorönn:

Unnið er sérstaklega með börn sem:

- lesa minna en 65 orð á mínútu í lesfimiþrófi í desember
- fá umsögnina „undir meðallagi eða slök/mjög slök frammistaða“
- eru með slaka lestrarnákvæmni (94% eða minna)
- fá raðeinkunn 25 eða lægri
- skrifa minna en 50% orða rétt á stafsetningarprófi

Próf og skimanir í Flataskóla:

„Hljóm-2“

Hljóm-2 er greiningartæki í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum.

Athugunin er lögð fyrir að hausti og endurprófað að vori hjá þeim sem eru undir viðmiðum.

Prófbættir eru: Rím, samstöfur (atkvæði), samsett orð, hljóðgreining, orðhlutaeyðing og margræð orð. Niðurstöður sýna mjög slaka færni, slaka færni, meðal færni eða góða færni miðað við jafnaldra.

„Tove Krogh“ teikniverkefni

Tove Krogh er teikniverkefni sem notað er til að skoða hæfni nemenda til að fara eftir munnlegum leiðbeiningum, sjá hversu vel þau geta skipulagt vinnu sína og hversu langt á veg þau eru komin í hugtakaskilningi. Athugunin er lögð fyrir í 1.bekk um það bil um mánuði eftir að skóli hefst að haust. Sérkennari leggur verkefnið fyrir, bekkjarkennari, námsráðgjafi og skólasálfræðingur fylgjast með. Niðurstöður nýttar við skipulag náms.

„Leið til læsis“ skimunarpróf í 1. bekk

Leið til læsis – skimunarprófið er lagt fyrir í fyrri hluta októbermánaðar, þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu: Eftirfarandi þættir eru prófaðir:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðþekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund

Lesskimunarprófið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hversu vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1.bekk. Niðurstöður skimunarprófsins eru tengdar kennsluleiðbeiningum sem gera kennurum kleift að bregðast við með ólíkum hætti eftir því hvernig styrk- og veikleikar nemenda birtast í hverjum þessara færniþátta. Bekkjarkennarar í 1.bekk og sérkennari leggja skimunina fyrir og skipta henni í tvo hluta.

„Leið til læsis“ eftirfylgniþróf

Markmið með eftirfylgniþrófum er að fylgjast með framförum og þróun lestrarfærni hjá nemendum í þeim tilgangi að grípa sem fyrst inn í ef nemendur sýna ekki jafnar framfarir. Þannig má koma í veg fyrir að nemendur dragist aftur úr jafnöldrum. Mikilvægt er að fylgjast með inngripi og fylgja eftir námsáætlun fyrir einstaka nemendur.

a. Sjónrænn orðaforði 1.-3. bekk

Sjónrænn orðaforði (lestur stakra orða) metur orðaforða sem nemandinn þekkir beint og getur lesið án þess að greina einstök hljóð orða. Lestur stakra orða gefur mjög greinilega til kynna hvort nemandi hefur vald á *sjónrænum orðalestri*. Þá er átt við að nemandi þekki orðin um leið og hann sér þau, lesi orðin hiklaust og án fyrirhafnar. Lestur stakra orða er mun meira krefjandi á þessa færni en lestur á samfelldum texta þar sem nemandi hefur ekki stuðning af samhengi textans. Nemandi sem ekki hefur góð tök á *sjónrænum orðalestri* hefur heldur ekki góð tök á lestækninni þar sem öflugur sjónrænn orðaforði er grunnurinn að góðri lesfimi.

b. Lesfimi, eftirfylgniþróf í 1. – 4.bekk

Lesfimi metur leshraða í samfelldum texta. Lesfimi er hæfni barnsins til að lesa texta af nákvæmni, hratt, fyrirhafnarlaust og af skilningi. Að fylgjast með lesfimi barna er fljótleg og einföld leið til að sjá framfarir í lestri. Góð lesfimi byggist á því að nemandinn hafi náð góðum sjónrænum orðaforða.

Lesskilningur

a. Orðarún

Orðarún er staðlað próf fyrir nemendur frá 3.bekk. Prófin eru tvö fyrir hvern árgang. Prófið „Orðarún“ kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum, lesið á milli línanna og dregið ályktanir. Prófið kannar einnig hversu vel nemendur geta lesið á milli línanna og þannig dregið ályktanir um þætti sem standa ekki beinlínis í textanum. Að auki gera nemendur grein fyrir þekkingu sinni á erfiðum orðum og orðasamböndum. Niðurstöður prófsins segja fyrst og fremst til um hvernig til hefur tekist á námi og kennslu og er prófið því leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemandann í námi.

b. LH60 og LH40 (leshæfnipróf)

Prófin eru hóppróf og prófa lesskilning og leshraða. Bekkjarkennari leggur prófin fyrir og sérkennari er viðstaddur. Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar skipulag kennslu. Jafnframt er unnið sérstaklega með þá nemendur sem falla í áhættuhóp.

Samræmd próf í 4. og 7. bekk

Samræmd próf eru lögð fyrir upp úr miðjum september. Þegar niðurstöður berast skólunum í nóvember eru þær nýttar og hafðar til hliðsjónar við skipulag kennslu fyrir nemendur. Nemendur sem nýta lestrarstuðning fá einnig upplýsingar sem byggja á samanburði á frammistöðu þeirra í lestri með og án hjálpartækja (lesið vs. hlustað). Sérstök lesskimun er lögð fyrir börn í 4.bekk nokkrum dögum fyrir samræmd próf í íslensku. Þau verkefni reyna á hljóðvitund og málþroska.

Niðurstöður prófa og skimana

Við upphaf skólagöngu hefur bekkjarkennari ýmsar upplýsingar til þess að styðjast við þegar hann skipuleggur eiginlega lestrarkennslu nemenda:

- Upplýsingar um barnið frá leikskólum Garðabæjar. M.a. upplýsingar um niðurstöður Hljóm-2. Það próf er í leikjaformi og kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum.
- Upplýsingar um teikniverkefni Tove Krogh
- „Leið til læsis“ skimunarpróf hafa verið lögð fyrir (sjá kafla 5).
- Sjónrænn orðaforði. Eftir að eiginleg lestrarkennsla hefst fylgjast kennarar með framförum nemenda með því að kanna sjónrænan orðaforða. Sjónrænn orðaforði (lestur stakra orða) metur orðaforða sem nemandinn þekkir beint og getur lesið án þess að greina einstök hljóð orða.

Í öðrum árgöngum styðjast bekkjarkennarar við niðurstöður úr prófum og skimunum við skipulag kennslu. Í yngri árgöngum eru þrepaskiptingar Walpole og McKenna nýttar. Snemmtæk íhlutun hefst strax í 1. bekk og er álitin draga úr sérkennsluþörf á eldra stigi. Séð er til þess að börn lesi lestrarbækur við hæfi. Endurtekin lestur gagnast vel þegar verið er að ná upp tæknilestri. Kennarar útbúa einstaklingsáætlun fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá námsefni árgangsins og skipuleggja

fámenna námshópa samkvæmt þrepaskiptingu (sjá ofar) og áhersla lögð á þá þætti sem þarf að þjálfar betur.

Sérkennari

Sérkennari fylgist með nemendum þar sem framvinda í lestrarnámi er ekki eðlileg. Sérkennari leggur „Leið til læsis“ lesfimiþróf fyrir í byrjun september, desember, í lok febrúar og í maí. Þau próf eru stöðluð þannig að hægt er að sjá niðurstöður bornar saman við nemendur fædda í sama ársfjórðungi. Niðurstöður gefa upplýsingar um lesin orð á mínútu, lestrarnákvæmni, raðeinkunn og umsögn leshraða.

Ef framvinda lestrarnámsins er ekki sem skyldi getur sérkennari lagt LOGOS próf fyrir nemendur. Prófið er unnið á tölvu. Prófið er staðlað þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra. Prófið er lagt fyrir nemendur í fyrsta lagi í 4.bekk.

Ef ástæða þykir fer sérkennari eða bekkjarkennari þess á leit við talmeinafræðing að kannaður sé málskilningur og máltjáning hjá einstaka nemendum með því að leggja fyrir TOLD málsþroskapróf. Told 2P/2I metur málskilning og máltjáningu 4-12 ára barna. Það saman stendur af nokkrum undirprófum sem til samans gefa eina málþroskatölu. Málþroskatalan gefur til kynna hvort málþroski barnsins er eðlilegur miðað við jafnaldra. Prófið gefur einnig mikilvægar upplýsingar um vægi málþáttanna; merkingarfræði, setningafræði og hljóðkerfisfræði. Told-2I er lagt fyrir nemendur eldri en 9 ára.

Lestraráttak – hugmyndir

Markmið með lestrarátaki er að nemendur auki lesfimi og lesskilning. Auk þess er mikilvægt markmið að auka áhuga nemenda á yndislestri. Þegar lestrarátak stendur yfir er mikil samvinna við bókasafn skólans. Starfsmenn bókasafns eru kennurum og nemendum innan handar við val á bókum eða koma með einum eða öðrum hætti að framkvæmd eða úrvinnslu átaksins, meðal annars með afhendingu viðurkenninga fyrir góðan árangur.

„Súlurit“

Hver nemandi setur sér markmið út frá eigin lestrargetu og keppir þannig við sjálfan sig. Markmiðið setur nemandinn í samráði við bekkjarkennara sem fer eftir því hve margar blaðsíður hann treystir sér að lesa á tímabilinu sem átakið stendur yfir. Lengd átaksins getur verið frá einni viku til þriggja vikna. Nemandi getur notað lestrarhefti/renninga til hliðsjónar við markmiðasetninguna.

Áttak sem þetta getur annað hvort verið einstaklingsátak eða sem keppni innan bekkjar eða árgangs.

Fyrirkomulag:

- Hver nemandi áætlar blaðsíðufjöldann sem hann hyggst lesa á tímabilinu og lætur umsjónarkennara vita. Nemandinn hefur til hliðsjónar fjölda þeirra blaðsíðna sem hann hefur lesið að undanfögnu.
- Nemandinn velur sér bók við hæfi getu hans.
- Þegar nemandi lýkur við bók er hún skráð í súlurit sem sett er upp í kennslustofunni eða kennslugangi. Þegar nemandi hefur lokið lestri á bók mælir nemandi renning þar sem 10 blaðsíður samsvara 1 cm í súlu. Ef bók er til að mynda 150 blaðsíður klippir nemandinn út 15 cm súlu og skrifar á hana nafn bókar og blaðsíðufjölda.

Súlunni er svo komið fyrir á súluritinu við nafn viðkomandi nemanda. Útfærsla súluritsins getur verið mismunandi.

- Í skólanum er gert ráð fyrir að nemendur segi munnlega eða skriflega frá því sem þau lesa.
- Í lok átaksins er farið yfir hvort nemendur hafi náð markmiðum sínum

Tilvalið er nýta niðurstöður til úrvinnslu í stærðfræði eða í tölvukennslu þar hægt er að reikna meðalfjölda lesinna blaðsíðna hjá árgangi, nemenda, bekk eða fyrir tímabil.

„Bókaormar“

Hver nemandi setur sér markmið út frá eigin lestrargetu og keppir þannig við sjálfan sig. Markmiðið setur nemandinn í samráði við bekkjarkennara sem fer eftir því hve margar blaðsíður hann treystir sér að lesa á tímabilinu sem átakið stendur yfir. Lengd átaksins getur verið frá einni viku til þriggja vikna. Nemandi getur notað lestrarhefti/renninga til hliðsjónar við markmiðasetninguna.

Átak sem þetta virkar vel sem keppni á milli bekkja innan árgangs eða milli árganga.

Fyrirkomulag:

- Hver nemandi áætlað blaðsíðufjöldann sem hann hyggst lesa á tímabilinu og lætur umsjónarkennara vita. Nemandinn hefur til hliðsjónar fjölda þeirra blaðsíðna sem hann hefur lesið að undanfögnu.
- Nemandinn velur sér bók við hæfi getu hans.
- Kennari býr til bókaorm á <http://bokaormar.khi.is/> og gefur honum nafn sem nemendur hafa valið.
- Þegar nemandi hefur lokið lestri bókar skráir hann hjá sér blaðsíðufjölda ásamt því að skrifa stutta umsögn um bókina, um hvað bókinn fjallar og hvernig honum líkar hún. Kennari eða nemandi skráir síðan upplýsingarnar inn á vefinn. Þar geta aðrir nemendur fengið hugmyndir um hvað aðrir nemendur eru að lesa og séð hve margar blaðsíður hafa verið lesnar.

„Lestrarveggur“

Umsjónarkennarar árgangsins ákveða lengd námskeiðsins. Kennari lætur nemendur fá lestrarmiða þar sem foreldrar kvitta að lestri loknum. Nemandinn velur sér bók við hæfi, skráir hana á lestrarmiðann. Að loknum lestri bókarinnar segir nemandinn frá aðalatriðum sögunnar og skráir nafn sitt og heiti bókar á form. Hann skreytir formið sem síðan er fest upp á vegg. Meðan á áttakinu stendur eiga nemendur að reyna að byggja eins stóran lestrarvegg og kostur er.

Tölvur kennsluforrit/Ipad smáforrit

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að Internetið verði notað í kennslu í auknum mæli, enda eru tölvur og tækni partur af lífinu í dag. Tölvur eru ekki einungis tæki til að afla þekkingar og færni á ýmsum sviðum, heldur einnig til mótunar og sköpunar. Mikilvægt er að skólar móti ákveðna stefnu um notkun tölva og Netsins í skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá.

Löngu er viðurkennt að tölvur í skólastarfi er eitt af þeim kennslutækjum sem þykja sjálfsögð við alla kennsluna. Tölvun býður upp á óteljandi möguleika sem kennslutæki og ber okkur að nýta þá vel.

Mikill fjöldi kennsluforrita er til á netinu og hefur Námsgagnastofnun gefið út skrá þar sem kennsluforrit eru flokkuð eftir vélbúnaði, skólastigi og námsgreinum.

Spjaldtölvur eru verkfæri í skapandi skólastarfi. Þær geta veitt aðgang að frekara lestrarefni, bjóða upp á fjölbreyttari úrvinnslu á námsefninu ásamt því að auka lestraráhuga nemenda. Spjaldtölvur er hægt að nýta sem einstaklingstæki í lestri, ekki eingöngu sem leiktæki, afþreyingu eða til æfinga á ákveðnu námsefni.

Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin er ár hvert. Hún hefst formlega á degi íslenskra tungu. Allir nemendur taka þátt í ræktunarhlutanum og æfa upplestur á texta og ljóðum. Á lokahátíð skólans eru fulltrúar valdir til þess að taka þátt í keppni milli skóla. Fyrirhugað er að nemendur í 4. bekk hefji samskonar vinnu undir merkjum litlu upplestrarkeppninnar.

Samvinna heimilis og skóla í lestrarnámi barna

Hlutverk foreldra/forráðamanna er mikilvægt í lestrarnámi barna. Mikilvægt hlutverk þeirra í lestrarþjálfuninni er heimalestur allt skólaárið. Barnið þarf að lesa upphátt daglega í a.m.k. 15 mínútur. Stundum getur verið nauðsynlegt að lesa hverja blaðsíðu tvisvar eða þrisvar og gefur kennari þá fyrirmæli um slíkar áherslu. Hluti af lestrarnáminu er að skrá lestur barnsins á skráningarblað/bók sem barnið hefur ásamt bókinni í plast-teygjumöppu og hefur alltaf í skólatöskunni. Þannig getur kennarinn fylgst með lestrarferlinu og afhent barninu nýjar bækur þegar þess þarf.

Mikilvægt er að setja heimalesturinn inn í rútínu heimilisins og skapa rólegt og afslappað umhverfi þegar barnið les. Nauðsynlegt er að sitja hjá barninu og fylgjast með lestrinum og leiðrétta þegar orðin eru lesin rangt og hrósa þegar rétt er lesið.

Ekki hætta að lesa fyrir börnin þó að þau kunni að lesa. Hver sagði að kósíkvöld ættu að vera sjónvarpskvöld? - Prófið kósíkvöld með góðri bók – lesið upphátt, hlustið á börnin lesa eða hlustið saman á hljóðbók. Það má alveg poppa fyrir bóklestur eins og bíómyndir. Tengið lestur bóka við notalegar fjölskyldustundir, gæðastundir þar sem þið getið spjallað saman, hlegið saman og styrkt böndin.

Síðast en ekki síst er lestur fjölskylduverkefni sem bæði mamma og pabbi þurfa að sinna – eða báðar mömmurnar og báðir pabbarnir eða stjúpmömmurnar og stjúppabbarnir, ömmurnar og afarnir, frænkurnar og frændurnir ...lestur ætti að vera fastur liður hjá öllum fjölskyldum; fjölmönnum, fámönnum, fjörugum, þögulum, heimkærum og útílfjóðum. Ekkert barn ætti að fara á mis við fjölskyldulestur – fram eftir öllum aldri.